

Mánudaginn 2. júlí 1973.

Nr. 103/1973: **Valdstjórnin**
 gegn
Einari Sverri Einassyni.

D ó m e n d u r i

hæstaréttardómaramir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús P. Torfason.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar:

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. júní 1973, sem barst dóminum 26. s. m., og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 22. júní 1973.

Ár 1973, föstudaginn 22. júní, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg 9 af Birgi Þormar, kveðinn upp úrskurður þessi.

Aðfaranótt miðvikudagsins 13. þ. m. var brotizt inn í Háaleitis Apótek og þaðan stolið verulegu magni af lyfjum og lífshættulegum eitrefnum. Guðbjörn Lárus Elísson hefur viðurkennt hlutdeild í innbrotinu og bent á þá Einar Sverri Einarsson og Jóhann Braga Friðbjarnarson sem samseka. Þeir halda báðir fram sakleysi sínu.

Jóhann Bragi hefur viðurkennt, að hann hafi að kvöldi miðvikudagsins 13. þ. m. komið í bifreið að húsi hér í borg ásamt Einari Sverri og fleirum. Kveðst hann hafa farið inn í húsið og komið þar til geymslu poka með lyfjum. Lyf þessi segir hann vera þýfi úr innbroti, sem hann hefur viðurkennt að hafa framið í Háaleitis Apótek 20. febrúar s.l. Rannsóknarlögreglan hefur nú lyfin undir höndum. Veruleg líkindi eru til, að sannast muni, að lyfin geti ekki verið tekin í því innbroti.

Aðfararnótt fimmtudagsins 14. þ. m. var brotízt inn í söluturn að Kópavogsbraut 115. Guðbjörn Lárus hefur viðurkennt hlutdeild í innbrotinu og bent á þá Einar Sverri og Jóhann Braga sem samseka. Hann hefur og tilgreint nöfn tveggja stúlkna, sem hann segir hafa verið með í innbrotssleiddangrinum. Lögregluskýrsla, sem tekin hefur verið af stúlkunum, styður eindregið þennan framburð hans.

Einar Sverrir Einarsson er fæddur 11. ágúst 1944. Samkvæmt sakavottorði hefur hann sex sinnum hlotið fangelsisdóma vegna brota gegn hinum almennu hegningarlögum nr. 19/1940. Hjá sakadómi Reykjavíkur eru óafgreiddar 4 ákærur á hendur honum, allar vegna ætlaðra brota gegn fyrrgreindum lögum. Hann sat í gæzluvarðhaldi frá 12. apríl—12. maí s.l. vegna gruns um hlutdeild í innbroti. Ekki hefur enn verið gefin út ákæra í því máli.

Hinn 15. þ. m. var Einar Sverrir úrskurðaður í allt að 7 daga gæzluvarðhald vegna gruns um hlutdeild í innbrotinu í Háaleitis Apótek þann 13. s. m. Mikið er enn óunnið við rannsókn þess máls. Sama máli gegnir um innbrotið að Kópavogsbraut 115. Nauðsyn er að útiloka möguleika hans á að spilla sakargögnum og hafa áhrif á hugsanlega samseka og vitni. Koma verður í veg fyrir, að hann haldi áfram afbrotastarfsemi. Ber því með tilvísun til 1. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961 að úrskurða, að gæzluvarðhaldsvist hans skuli framlengd, enda eru skilyrði þess fyrir hendi samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, þar sem kærði er grunaður um háttsemi, sem getur varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 90 dögum frá lokum gæzluvarðhaldsvistar hans samkvæmt úrskurði sakadóms Reykjavíkur 15. júní 1973.

Úrskurðarorð:

Gæzluvarðhaldsvist Einars Sverris Einarssonar framlengist um allt að 90 dögum frá klukkan 2056 22. júní 1973.
